



Nr. 3, 3. tbl., 1. árg. desember 2011


## Samræmingarnefnd um grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar

Þann 7. desember 2011 kom samræmingarnefnd um grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar á Íslandi saman í fyrsta skiptið í umhverfisráðuneytinu. Á fundinum var forstjóri Landmælinga Íslands sem situr sem fulltrúi í nefndinni með [kynningu](#) sem einnig er aðgengileg á vefsvæði LMÍ um grunngerð. Það var umhverfisráðherra sem skipaði nýlega tíu aðila í samræmingarnefndina um grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar á Íslandi en áætlað er að nefndin starfi til ársloka 2013 á grundvelli nýrra laga um málaflokkinn. Nefndina skipa: Sesselja

Bjarnadóttir, umhverfisráðuneyti, formaður; Áki Ármann Jónsson, sviðsstjóri, tilnefndur af umhverfisráðuneyti; Borgar Páll Bragason, verkefnisstjóri, tilnefndur af sjávarútvegs- og landbúnaðar- ráðuneyti; Karólína Guðjónsdóttir, landfræðingur, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga; Magnús Guðmundsson, forstjóri, tilnefndur af Landmælingum Íslands; Sif Guðjónsdóttir, sérfræðingur, tilnefnd af forsætisráðuneyti; Steinunn Valdís Óskarsdóttir, sérfræðingur, tilnefnd af innanríkisráðuneyti; Þorgeir Ólafsson, sérfræðingur, tilnefndur af mennta- og

menningarmálaráðuneyti; Þorbjörg Kr. Kjartansdóttir, landræðingur, tilnefnd af samtökum um landupplýsingar á Íslandi; Þorvaldur Bragason, sérfræðingur, tilnefndur af iðnaðarráðuneyti.

Hlutverk nefndarinnar er að vinna að fyrstu aðgerðaráætlun við uppbyggingu, rekstur og viðhald grunngerðar fyrir stafrænar landupplýsingar um Ísland og aðstoða stjórnvöld við frekari stefnumótun á þessu sviði. Aðgerðaráætlunin skal vera tilbúin til staðfestingar 1. janúar 2014 og vera til fimm ára í senn. Umhverfisráðherra staðfestir aðgerðaráætlunina.



<http://grunngerd.lmi.is/>

## Landupplýsingagátt vegna grunngerðar fyrir stafrænar landupplýsingar

Landmælingar Íslands opnuðu þann 1. desember síðastliðinn Landupplýsingagátt (e: geoportal) í tengslum við nýtt hlutverk sitt sem snýr að grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar á Íslandi. Landupplýsingagáttin er vefsvæði þar sem notendur geta skráð og leitað eftir lýsigögnum um landupplýsingar opinberra aðila á Íslandi. Um leið tengist Landupplýsingagáttin INSPIRE tilskipun Evrópusambandsins. Auk þess að leita eftir lýsigögnum getur notandinn forskoðað þau gögn sem skráð eru í

gáttina. Landupplýsingagáttin er opin öllum en skráningaraðgengi er opið fyrir opinbera aðila. Landupplýsingagáttin mun þróast áfram á næstu mánuðum í samstarfi við notendur og eru athugasemdir vel þegnar á [lmi@lmi.is](mailto:lmi@lmi.is) eða í fyrirspurnarformi gáttarinnar. Opnun á Landupplýsingagáttinni er stórt skref í átt að innleiðingu laga um grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar á Íslandi. Landupplýsingagáttina er að finna á vefslóðinni: <http://gatt.lmi.is/geoportal/>.

### Áhugaverðar vefsíður

[Lög um grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar](#)

[Heimasíða INSPIRE](#)

[Þýðing Landmælinga Íslands á INSPIRE-tilskipuninni](#)

[Greinargerð og tillögur um innleiðingu INSPIRE á Íslandi](#)

[Innleiðing INSPIRE á Íslandi](#)

[Grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar](#)

## Námskeið í skráningu lýsigagna

Þann 13. desember síðastliðinn var haldið fyrsta námskeiðið um skráningu lýsigagna hjá Landmælingum Íslands. Námskeiðið var haldið í framhaldi af opnun Landupplýsingagáttarinnar vegna grunngerðar fyrir stafrænar landupplýsingar á Íslandi sem tengist INSPIRE tilskipun Evrópusambandsins. Til námskeiðsins að þessu sinni voru boðaðar stofnanir sem einkum hafa með gögn úr

viðauka I og II í INSPIRE að gera. Leiðbeinendur á námskeiðinu voru þau Brandur, Samúel, Saulius og Anna Guðrún sem öll eru starfsmenn Landmælinga Íslands.

Á námskeiðinu var farið yfir mismunandi aðferðir við skráningu lýsigagna og helstu kostir og gallar þeirra dregnir fram. Bornar voru saman þrjár leiðir við skráningu í þeim tilgangi að

uppfylla kröfur INSPIRE. Þátttakendum gafst kostur á að skrá lýsigögn fyrir gagnasett sinnar stofnunar.

### Aðferðir við skráningu

Í töflunni hér að neðan er að finna stutta umfjöllun og samantekt á kostum og göllum skráningaleiða lýsigagna. Nánari umfjöllun um hverja leið er að finna í glærum frá námskeiðinu.

Skráningartól	Lýsing	Kostir	Gallar
INSPIRE geoportal <a href="http://inspire-geoportal.ec.europa.eu/">http://inspire-geoportal.ec.europa.eu/</a>	Lýsigagnatöl þróað sérstaklega fyrir kröfur INSPIRE af Evrópusambandinu.	Í framhaldi af skráningunni er hægt að sannreyna skráninguna á sama stað.	Ekki er gert ráð fyrir íslensku sem vali á tungumáli þegar búið er að sannreyna skráninguna er erfitt að finna út hvar eigi að skrá atriði sem vantar. Lýsigögnin eru ekki hluti af gögnunum sjálfum.
ArcCatalog	Skráningartól sem er hluti af ArcMap hugbúnaði ESRI.	Lýsigögnin eru hluti af gögnunum sjálfum.	Ekki er hægt að vera fullviss um að verið sé að uppfylla skráningarkröfur INSPIRE.
Landupplýsingagátt LMÍ	Skráningartól þróað af ESRI fyrir INSPIRE kröfurnar.	Nokkuð mörg atriði koma inn um leið og ný skráning er stofnuð. Hægt er að sjá um leið og skráð er hvort skráningin sé fullnægjandi.	Lýsigögnin eru ekki hluti af gögnunum sjálfum.

Niðurstaða LMÍ var sú að þægilegasta leiðin er líklega að skrá lýsigögn í gegnum Landupplýsingagáttina. Til að vista lýsigögnin með gögnunum sjálfum eru þau vistuð sem xml skjal sem síðan er hlaðið inn í landupplýsingakerfin s.s. í ArcCatalog.


Nánari upplýsingar um efni námskeiðsins er að finna á vefsíðunni: <http://grunngerd.lmi.is/?p=558>

skeiðsins er að finna á vefsíðunni: <http://grunngerd.lmi.is/?p=558>

### Jákvæð viðbrögð og framhald

Landmælingar Íslands fengu jákvæð viðbrögð frá þátttakendum námskeiðsins og þakka fyrir það. Ljóst er að nokkur þörf var á námskeiðinu og

í framhaldi má gera ráð fyrir að haldin verði fleiri námskeið fyrir þær stofnanir sem hafa landupplýsingagögn í sinni vörslu er falla undir hin nýju lög um grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar á Íslandi og INSPIRE tilskipun Evrópusambandsins. Nánari upplýsingar um námskeiðin koma síðar.



## Samráð stjórnenda helstu stofnana vegna innleiðingar á grunngerð stafrænna landupplýsinga

Í byrjun september 2011 boðaði forstjóri Landmælinga Íslands til fundar með forstjórum eða staðgenglum þeirra frá Landgræðslu ríkisins, Náttúrufræðistofnun Íslands, Umhverfisstofnun, Veðurstofu Íslands, Þjóðskrá Íslands, Skipulagsstofnun og Vegagerðinni. Auk þess sótti fundinn fulltrúi umhverfis-

ráðuneytisins. Markmið þessa samráðs er að stuðla að góðu samstarfi og upplýsingaflæði stjórnenda helstu stofnana og umhverfisráðuneytis við að innleiða ný lög um grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar. Á fyrsta fundinum var ákveðið að hittast um fjórum sinnum á ári til að miðla upplýsingum og þekkingu og

var annar fundurinn haldinn hjá Þjóðskrá Íslands þann 15. desember síðastliðinn. Á þeim fundi kom fram ánægja með fyrirkomulagið og var einnig rætt um að hugsanlega mætti bæta við stjórnendum frá fleiri stofnunum á nýju ári. Næsti fundur verður haldinn hjá Skipulagsstofnun 8. mars 2012.